

## Skagabyggð

Örlygsstöðum II 545 Skagaströnd  
12. febrúar 2007.

Samgöngunefnd Alþingis.

Fyrir skömmu barst undirrituðum frumvarp til vegalaga til umsagnar og eru eftirfarandi athugasemdir gerðar:

20. gr. um veltengigjald verði felld út úr lagafrumvarpinu. Ekki verður fallist á þau rök í athugasemdum við lagafrumvarpið að með því að taka upp veltengigjald til samræmis við gatnagerðargjöld í þéttbýli sé verið að jafna stöðu íbúa í dreifbýli og þéttbýli. Sú kvöð er ekki lögð á íbúa í þéttbýli að kosta sjálfir 50 m vegakafla næst bústað sínum eins og gert er gagnvart þeim sem búa við héraðsvegi sbr. 8. gr. Ef veltengigjald verður lagt á íbúa í dreifbýli verður jafnframt að fella þetta 50 m ákvæði burt. Einnig verður að gera þá kröfu að um sambærilega vegi sé að ræða. Það er ekki hægt að leggja að jöfnu veg með bundnu slitlagi og malarveg sem er vaðandi í drullu og for í vætutíð en rykmökkur úr þegar þurrt er.

Ef jafna á stöðu íbúa í dreifbýli og þéttbýli er ekki nóg að jafna gjöldin. Þjónustan verður þá líka að vera sambærileg. Til þess að svo megi verða vantar ákvæði um að héraðsvegir verði lagðir bundnu slitlagi. Þá fyrst er ásættanlegt að leggja á veltengigjald.

Í 52. gr. er kveðið á um að landeigandi annist viðhald girðinga með vegum í landi sínu.

Líta verður svo á að girðingar meðfram vegum séu hluti af vegamannvirkjum. Það liggur því í augum uppi að það er hlutverk veghaldarans að halda við og greiða kostnað vegna viðhalds vegagirðinga. Veghaldari hefur forráð yfir vegi og vegsvæði og með girðingum er verið að girða þetta landsvæði af vegna vegarins. Það verður með engu móti fallist á að það sé hlutverk landeigenda að sjá um viðhald þessara mannvirkja. Í mörgum tilvikum kljúfa vegir landareignir í sundur til verulegs óhagræðis við nýtingu landsins. Það er því ótrúlega öfugsnúið að auk þess óhagræðis sem af vegagerðinni hlýst skuli landeigendum vera ætlað að sjá um og bera kostnað að hluta vegna viðhalds girðinga sem settar eru upp vegna vegarins.

Ég læt þessar ábendingar nægja að sinni og vona að tillit verði tekið til þeirra.

Virðingarfyllt

Oddviti Skagabygðar  
